

1874.

3. júlí.

51. Bréf dómsmálastjórnarinnar til innanríkisstjórnarinnar, um breyting á gjöldum í auglýsing 26. septbr. 1872.

Útaf bréfi innanríkisstjórnarinnar, dagsettu 26. f. m., þarsem stungið er uppá, að gjöldum þeim, sem getið er um í auglýsing 26. septbr. 1872, sem hefir inni að halda ákvarðanir um sambandið milli hinna almennu dönsku og hinna sérstaklegu íslenzku póstmála innbyrðis, verði breytt í krónumynt á þann hátt, sem nákvæmar er tiltekið, samkvæmt peningalögnum, 23. maí 1873, gefum vèr til kynna, að dómsmálastjórnin fyrir sitt leyti fellst á það, sem stungið er uppá.¹

4. júlí.

52. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um verzlunarskýrslur frá sýslumönnum.

Um leið og vèr sendum yður skýrslur nokkrar frá Böving sýslumanni um aðfluttar- og útfluttar vörur að því leyti, er

¹) Uppástunga innanríkisstjórnarinnar fer fram á, að

breytt verði í 5 gr.	50 rd.	í 100 krónur,
— — — —	100 —	- 200 —
— — — —	6 gr.	8 sk. - 16 aura,
— — — —	16 —	- 33 —
— — — —	24 —	- 50 —
— — — —	7 gr.	8 — - 16 —
— — — —	12 —	- 25 —
— — — —	8 gr.	8 — - 16 —
— — — —	10 rd.	- 20 krónur,
— — — —	9 gr.	12 sk. - 25 aura,
— — — —	100 rd.	- 200 krónur.
— — — —	10 gr.	12 sk. - 25 —
— — — —	4 —	- 8 —
— — — —	16 —	- 33 —
— — — —	100 rd.	- 200 krónur,
— — — —	12 gr.	8 sk. - 16 aura,
— — — —	15 rd.	- 30 krónur,
— — — —	32 sk.	- 66 aura.

snertir Norðurmúlasýslu, á árinu 1873, og skýrslur um verðlag á vörum á sama ári, mælumst vèr til, að þèr leiðið athygli tæðs embættismanns að því, að senda skuli yður beina leið þesskonar skýrslur samkvæmt 13. gr. í erindisbræfi fyrir landshöfðingjann yfir Íslandi, 29. júní 1872.

1874.

4. júlí.

53. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um húsaleigastyrk handa amtmanninn 1 norður- og austurumdæminu.

6. júlí.

Eftir að hingað hefir borizt bréf yðar, herra landshöfðingi, dagsett 4. maím. þ. á., hefir hans hátign konunginum, samkvæmt þegnlegum tillögum dómsmálastjórnarinnar, þóknazt 4. þ. m. allramildilegast að veita amtmanni yfir norður- og austurumdæmi Íslands, Kristjáni Christjanssyni 200 rd. húsaleigustyrk á yfirstandanda reikningsári.

Þetta gefum vèr yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtíð það og gjöríð ráðstafanir til, að fè þetta verði goldið amtmanninum.

54. Auglýsing um að stofnað skuli stjórnarráð fyrir Ísland og hvernig skipta skuli niður störfum þeim, sem hin íslenzka stjórnardeild, er hingað til hefir verið, hefir haft á hendi.¹⁾

14. júlí.

Með allrahæstum úrskurði, dagsettum í dag, hefir hans hátign konunginum þóknazt allramildilegast at skipa svo fyrir:

- 1) að stofna skuli frá 1. ágúst þ. á. særstakt stjórnarráð

¹⁾ Þessi auglýsing er prentuð á Íslenzku og Dönsku í »Stjórnartíðindunum fyrir Ísland, 1874, A., Nr. 1.«